



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Reykjavík, 10. apríl 2024

**Efni: Tímabundið starfsleyfi fyrir móttöku á úrgangi eða millilager fyrir mengað efni á iðnaðarlóð að Sævarhöfða 6-10.**

Vísað er til erindis Heilbrigðiseftirlits, dagsett 9. apríl sl. (t-póstur), þar sem óskað er umsagnar um útgáfu tímabundins leyfis fyrir móttöku úrgangs eða millilagers, á iðnaðarlóð að Sævarhöfða 6-10, fyrir menguð jarðvegsefni af uppbyggingarsvæðum í Ártúnshöfða. Einkum er um að ræða efni sem til fellur vegna framkvæmda við gerð nýrra gatna og undirbúning þess að gera lóðir byggingarhæfar. Hugmyndin er að geyma jarðvegsefni tímabundið í lokuðum ílátum eða á lekaheldu yfirborði á lóðinni að Sævarhöfða 6-10 (millilagerað), þar til efnið verður flutt til endurnýtingar eða á viðeigandi meðhöndlunarstað.

Í AR2040 eru sértæk ákvæði sem varða útgáfu starfsleyfa á breytingarsvæðum, sem bíða þess að stefnu um framtíðarlandnotkun verði framfylgt (kafli, 20.4, bls. 133)<sup>1</sup>. Hér er einkum verið að horfa til umbreytingar eldri iðnaðarsvæða í íbúðarbyggð eða blandaða byggð, eins og til stendur á Ártúnshöfðanum. Tilgangur þessa ákvæðis er að skapa forsendur fyrir útgáfu leyfa til skemmri tíma fyrir starfsemi og rekstur sem er til staðar á viðkomandi svæði, þrátt fyrir að starfsemin fari ekki saman við framtíðarlandnotkun aðalskipulags. Eðlilegt er hafa slíkt svigrúm til staðar í aðalskipulagi sem gildir til mjög langs tíma, því oft er óvissa um tímasetningu uppbyggingar og þróunar framtíðarsvæða og ekki skynsamlegt að skapa ótímabæran þrýsting á starfsemi að finna sér nýjan stað.

Umrædd starfsemi, þ.e. tímabundin móttaka mengaðs jarðvegs á núverandi iðnaðarlóð, er strangt til tekið ný starfsemi á svæðinu og ofangreind ákvæði því ekki sérneiðin að slíku tilviki. Hins vegar er hér um að ræða mjög tímabundna starfsemi sem er tilkomin vegna framfylgdar á stefnu aðalskipulagsins um byggðapróun og umbreytingu viðkomandi svæðis, úr iðnaðarsvæði í blandaða byggð. Um er ræða efni sem fellur til við að gera svæðið byggingarhæft og liður í hreinsun þess í samræmi við markmið um þróun blandaðrar byggðar til framtíðar litið. Almennt getur það verið nauðsynlegt að veita sérstök tímabundin starfsleyfi til iðnaðarstarfsemi á stærri byggingarsvæðum eins og í Ártúnshöfða og Elliðaárvogi, sem verða í þróun næstu áratugina, enda þjóni starfsemin uppbyggingu á viðkomandi svæði. Slík tímabundin starfsemi getur því samræmst megin markmiðum aðalskipulags um byggðapróun (sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018, að starfsemi samræmist byggðapróun skv. aðalskipulagi) horft til þess að svæðið verður byggingar- og framkvæmdasvæði næstu árin. Á grundvelli þessa er lagt til að starfsleyfi vegna umræddrar tímabundinnar starfsemi verði heimilað, að hámarki til 3 ára.

Haraldur Sigurðsson,  
deildarstjóri aðalskipulags

<sup>1</sup> „20.4. Endurnýjun starfsleyfa innan einstakra landnotkunarsvæða. Í aðalskipulagi þar sem sett er fram stefna til langrar framtíðar um breytta landnotkun, t.a.m. um enduruppbyggingu eldri atvinnusvæða, er mikilvægt að setja fram ákveðin viðmið og leikreglur um endurnýjun starfsleyfa hjá rekstraraðilum sem eru með starfsemi á viðkomandi svæðum. Það er einnig brýnt að endurskipulagning eldri atvinnusvæða verði markviss og mögulega unnin í áföngum og þannig tryggt að ekki skapist ótímabær þrýstingur á núverandi starfsemi að finna sér nýjan stað. Það getur oft verið óvissa um hvenær ráðist verður í gerð nýs deiliskipulags á slíkum breytingarsvæðum aðalskipulags og sömuleiðis geta orðið tafir á að uppbygging hefjist þó að deiliskipulagsgerð sé lokið. Í ljósi þessa er gert ráð fyrir að almennt verði mögulegt að endurnýja starfsleyfi einstakra rekstraraðila til skemmri tíma, enda gildistími starfsleyfis vel innan tímamarka gildandi skipulagstímabils og uppbygging samkvæmt framtíðar landnotkun ekki hafin innan viðkomandi svæðis eða í næsta nágrenni við viðkomandi rekstraraðila. Þetta á ekki við um starfsemi þar sem tilgreint er sérstaklega að hún eigi að vera víkjandi eða sérstök tímamörk sett um starfsemina í aðalskipulaginu.“